

Lágmarksstofngjald fyrir íbúð í sambýlishúsi skal vera kr. 55.206. Sama gildir um annað húsnæði í slíkum byggingum.

Fyrir fleiri mælagrindur en eina skal greiða sérstakt mælagrindargjald. Mælagrindargjald er 16.698 kr./grind.

Gjald fyrir heimæðar, á skipulögðum þéttbýlissvæðum, sem eru lengri en 25 m innan lóðamarka er 3.344 kr./m umfram 25 m. Utan þéttbýlis kostar hitaveita heimæð allt að 50 m frá stofnlögn, en húseigandi greiðir það sem umfram er samkvæmt kostnaðarreikningi.

10. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu neysliverðs í júlí 1998 sem er 183,6 stig.

Á gjöld þessi leggst virðisaukaskattur eins og hann er samkvæmt lögum á hverjum tíma.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. mars 1999 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 444 frá 17. júlí 1998.

Iðnaðarráðuneytinu, 4. febrúar 1999.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Katrín Jóhannsdóttir.

3. febrúar 1999

Nr. 99

AUGLÝSING

um óverulega breytingu á deiliskipulagi við Hjallahlíð - Klapparlóð í Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti breytingu á deiliskipulagi við Hjallahlíð – Klapparlóð í Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 25. nóvember 1998. Breytingin felst í því að fjórum parhúsum og einu einbýlishúsi er breytt í fimm tveggja hæða fjölbýlishús auk þess sem byggðir eru 10 bílskúrar á lóðinni.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi og um leið fellur úr gildi deiliskipulag sem samþykkt var í bæjarstjórn 10. desember 1997.

Bæjarverkfræðingurinn í Mosfellsbæ, 3. febrúar 1999.

Tryggvi Jónsson.

10. febrúar 1999

Nr. 100

AUGLÝSING

um breytt deiliskipulag í Hafnarfirði, Hafnarfjörður miðbær.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann 26. janúar 1999 breytingu á deiliskipulagi, Hafnarfjörður miðbær.

Breytingin felst í því að grunnflötur fyrirhugaðrar byggingar að Fjarðargötu 9, stækkar úr 216 m² í 399 m².

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi áður staðfest deiliskipulag fyrir sama svæði frá 30. júní 1994.

10. febrúar 1999.

Bæjarstjóri Hafnarfjarðar,

Magnús Gunnarsson.

AUGLÝSING

um breytt deiliskipulag í Hafnarfirði á Hauka- og iðnskólareit.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann 26. janúar 1999 breytingu á deiliskipulagi á Hauka- og iðnskólareit við Flatahraun/Haukahraun.

Breytingin felst í því að uppbyggingu á lóð iðnskólans er breytt. Núverandi bygging er fjarlægð og byggingarreitir fyrir tveggja hæða viðbyggingar felldar niður, í stað þess er gert ráð fyrir byggingarreit fyrir eins til þriggja hæða byggingu við Flatahraun.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi áður staðfest deiliskipulag fyrir sama svæði frá 12. apríl 1985.

10. febrúar 1999.

Bæjarstjóri Hafnarfjarðar,

Magnús Gunnarsson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag norðan Esjubrautar, Akranesi.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness þann 26. janúar 1999 var samþykkt án breytinga deiliskipulag norðan Esjubrautar á Akranesi, eftir að það hafði verið auglýst samkvæmt 1. og 2. mgr. 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Um er að ræða stækkun á byggingareitum og breytta skilmála í þegar byggðu hverfi.

Hægt er að nálgast athugasemdir sem gerðar voru við deiliskipulagið og umsögn skipulagsnefndar Akraness hjá bygginga- og skipulagsfulltrúanum á Akranesi, Stíllholti 16-18, 3. hæð. Deiliskipulag þetta tekur þegar gildi.

Akranesi, 3. febrúar 1999.

Skúli Lýðsson, bygginga- og skipulagsfulltrúi.